

Bæjarstjórn - 1936

## FUNDARBOÐ

**1936. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 28.  
ágúst 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1102236 - Bæjarfulltrúi, leyfi**

Sigrún Sverrisdóttir óskar eftir að fara í leyfi frá störfum í bæjarstjórn og bæjarráði frá 1. september 2024 til 1. ágúst 2025.

Stefán Már Gunnlaugsson, Drangaskarði 17B, varabæjarfulltrúi tekur sæti sem aðalmaður í bæjarstjórn á ofangreindu tímabili.

**2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**

Kosning í bæjarráð:

Árni Rúnar Þorvaldsson, Stekkjarhvammi 5, aðalmaður í bæjarráði í stað Sigrúnar Sverrisdóttur og Stefán Már Gunnlaugsson verður varamaður í stað Árna Rúnars Þorvaldssonar.

**3. 2407481 - Sorpa, ESA mál**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.ágúst sl.

Tekjuskattsundanþága byggðasamlaga - breytt rekstrarform efnahagslegrar starfsemi.

Bæjarráð samþykkir að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði færð í félag, eða eftir atvikum félög, með takmarkaðri ábyrgð. Efnahagsleg starfsemi í þessu tilliti tekur til reksturs móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöðvar á Álfsnesi og urðunarstað á Álfsnesi. Tillögur um nánari útfærslur þessa munu liggja fyrir í upphafi árs 2025. Framangreind samþykkt bindur ekki hendur eigenda við frekari stefnumótun, þ. á m. varðandi breytingar á rekstrarformi Sorpu bs., kjósi þeir svo. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**4. 1903304 - Sérstakur húsnæðisstuðningur**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.ágúst sl.

2.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 20.ágúst sl.

Drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning lagðar fram til kynningar. Soffía Ólafsdóttir deildarstjóri og Áslaug Kristjana Árnadóttir verkefnastjóri félagslegra húsnæðismála mæta til fundar undir þessum lið.

Fjölskylduráð samþykkir að hækka skilyrði til samanlagðs húsnæðisstuðning úr 90.200 kr í 100.000 kr. Breytingarnar taki gildi frá og með 1. júlí 2024.

Fjölskylduráð samþykkir uppfærslu á reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við breytingar á lögum og samþykkt ráðsins um breytingar á samanlögðum húsnæðisstuðningi.

Bæjarráð samþykkir að hækka skilyrði til samanlagðs húsnæðisstuðnings úr 90.200 kr. í 100.000 kr. Breytingarnar taka gildi frá og með 1. júlí 2024. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**5. 2407262 - Axlarás 21, umsókn um lóð**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.ágúst sl.

Lögð fram umsókn Elvu Drafnar Sigurðardóttur og Baldurs Gunnlaugssonar um lóðina nr. 21 við Axlarás. Til vara er sótt um lóðina nr. 19 við Axlarás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 21 við Axlarás til Elvu Drafnar Sigurðardóttur og Baldurs Gunnlaugssonar.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**6. 1709249 - Samþykktir um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar**

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.ágúst sl.

Tekið til umræðu að beiðni fulltrúa Samfylkingarinnar.

Samfylkingin leggur fram svohljóðandi tillögu: "Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela forsetanefnd bæjarins að endurskoða og yfirfara samþykktir Hafnarfjarðarbæjar. Sérstaklega er henni falið að skýrgreina aðkomu kjörinna fulltrúa og rétt þeirra varðandi ráðningar.

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

**7. 2403006 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hvaleyrarholt suðaustur**

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.ágúst sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða breytingu á deiliskipulagi fyrir nýja íbúðabyggð á Þorlákstúni. Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun SL4, skógræktar- og landgræðslusvæði, í ÍB7, íbúðasvæði, með um 50 íbúðum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**8. 2311708 - Drangahraun Skútahraun breyting á deiliskipulagi**

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.ágúst sl.

Lögð fram samantekt athugasemda. Lagður fram uppfærður deiliskipulagsuppráttur.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við framkomnum athugasemdum og samþykkir uppfærða tillögu að deiliskipulagi Drangahraun og Skútahrauns og vísar til samþykkis í bæjarstjórn.

## 9. 2309612 - Ásland 4, deiliskipulag endurskoðun

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.ágúst sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 5. júní sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga fyrir Ásland 4. áfanga.

Breytingin gerir m.a. ráð fyrir að gatan Brunnás verði lögð samsíða Markarási. Gatan Byrgisás kemur neðan við og samsíða Brunnási. Lega Markaráss, áður Grófarás, verði aðlöguð landi auk þess sem hringtorg við Grófir færist til austurs. Keðjuhús og fjölbýli er felld niður sem og hús á bröttum og erfiðum lóðum, stígar og leiksvæði breytast. Húsgerðir breytast. Tillagan var í kynningu 13.6. - 26.7.2024. Umsagnir bárust frá Mílu og HS veitum. Lögð fram samantekt athugasemda og uppfærð greinargerð.

Meirihluti skipulags- og byggingarráð samþykkir breytt deiliskipulag Áslands 4 með uppfærðri greinargerð í samræmi við athugasemdir HS veitna og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísa í fyrri bókun sem var lögð fram á fundi skipulags- og byggingaráðs 30. maí og er eftirfarandi:

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu um breytt deiliskipulag fyrir Ásland 4 er gert ráð fyrir að öll fjölbýli eru tekin út í seinni áfanga Áslands 4. Á svæðinu öllu fækkar því íbúðum í fjölbýlum um 327 sem er um 40% fækkun og sérbylum fjölga um 227. Með þessari breyttu nýtingu fækkar íbúðum um 100 sem jafngildir um 250 íbúum.

Byggingarland er ekki ótakmörkuð auðlind og fá ný byggingarsvæði eru eftir í Hafnarfirði og því þarf að nýta þau svæði vel sem eru í boði. Á sama tíma er mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, sérstaklega hjá ungu fjölskyldufólki. Þá kemur fjölgun sérbyla í stað fjölbýla m.a. niður á nýtingu innviða og fjárfestinga í nýju hverfi og er auk þess ekki í samræmi við umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar þar sem segir að við skipulag byggðar verði horft til þess að hún sé þróuð inn á við og þétt, ekki síður en að víkka enn frekar út til óbyggðra svæða.

Ljóst er að breytingin rýrir gæði byggðar. Dregið er verulega úr fjölbreyttum húsnæðiskostum, en þeir laða að ólíka þjóðfélagshópa og fólk á mismunandi æviskeiðum. Fjölgun sérbyla á kostnað fjölbýla er ekki kostur einkum fyrir ungt fólk sem leitar að hagvæmu húsnæði. Þá er í tillögunni dregið úr vægi opina svæða og leikvalla. Göngustígur sem liggur í gegnum hverfið sem myndar grænan ás og er aðgengilegur öllum er það ekki aðgengilegur öllum í fyrirbyggjandi breytingartillögu. Það er ekki í samræmi við heilsustefnu Hafnarfjarðar þar sem segir að tryggja þurfi aðgengi fyrir alla á opnum svæðum og göngustígum.

Gildandi deiliskipulag tók gildi fyrir tveimur árum síðan sem var samstaða um

og nú er verið að verja umtalsverðum tíma og fjármagni í að umbylta því. Hér er verið að kasta til höndunum eins og dæmin sýna sem er enn og aftur til marks um hringlandann hjá meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.

#### **10. 2407223 - Fléttuvellir, lóð fyrir fráveitu, breyting á deiliskipulagi**

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. ágúst sl. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 10.07.2024 var samþykkt að grenndarkynna með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar um breytingu á deiliskipulagi vegna stofnunar lóðar fyrir dæluskúr fráveitu. Erindið var grenndarkynnt frá 12.07.2024 til 09.08.2024. Athugasemdir bárust. Lagt fram svar við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svar við athugasemdum og fellur frá breytingu á deiliskipulagi. Erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **11. 2407227 - Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum**

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðum um málið.

13. liður úr fundargerð 3663. fundar bæjarráðs þann 22. ágúst 2024.

Samfylkingin óskar eftir upplýsingum um endurgjaldslausar skólamáltíðir í grunnskólum. Staða mála, svo sem varðar fjárhag og útgjöld, stöðu samninga við þjónustuaðila, kynning gagnvart foreldrum og börnum ofl. Einnig ítrekaðar yfirlýsingar bæjarstjóra um andstöðu við þessa réttarbót gagnvart barnafjölskyldum í bænum. Óskað er eftir sundurliðaðri kostnaðaráætlun frá fjármálastjóra varðandi haustönn grunnskólanna í þessu máli.

Rósa Guðbjartsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirrituð hefur fyrst og fremst bent á þá skoðun sína að ríkið hefði átt að beita öðrum aðferðum í kjarasamningsgerðinni í vor sem komið hefðu barnafjölskyldum vel. Til dæmis með ótekjutengdum barnabótum í stað þess að stilla sveitarfélögunum upp við vegg og hlutast til um gjaldskrár þeirra, í þessu tilviki vegna skólamatar. Hafnarfjarðarbær var hins vegar eitt fyrsta sveitarfélagið til að lýsa því yfir að skólamáltíðir yrðu gjaldfrjálsar frá og með hausti 2024.

Guðmundur Árni leggur fram svohljóðandi bókun:

Enn og aftur ítrekar bæjarstjóri og Sjálfstæðisflokkurinn andstöðu sína við fríar skólamáltíðir í grunnskólum bæjarins og fjandskap sinn og flokksins við þær kjarabætur sem í þeim felast fyrir barnafjölskyldur í bænum. Það er athyglisvert. Rósa leggur fram svohljóðandi bókun:

Hafnarfjarðarbær hefur undanfarin ár skorið sig úr meðal sveitarfélaga og verið með mjög ríflega systkinaafslætti á skólamat og á frístundaheimilum. Það hefur reynst barnmörgum fjölskyldum mjög vel. Í kerfinu hefur líka verið hugað vel að því að þeir sem vilja borða fái að borða og haldið utan um þá sem höllum fæti standa. Málið snýst um að sveitarfélögin haldi sjálfstæði sínu og sjálfsákvörðunarrétti í ákvarðanatökum.

4. liður úr fundargerð 537. fundar fræðsluráðs frá 21. ágúst 2024.

Minnisblað lagt fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Hve mikinn kostnaðarauka fela fríar skólamáltíðir í grunnskólum í sér fyrir Hafnarfjarðarbæ? Ef kostnaðarauki er til staðar þá er óskað eftir sundurliðun á kostnaðaraukanum, í hverju hann felst og hvernig hann kemur til.

2. Hvernig verður fyrirkomulagi á kynningu til foreldra og barna á fríum skólamáltíðum háttað?

Sviðsstjóra falið að svara fyrirspurn.

## 12. 1811277 - Menntastefna

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðum um menntastefnuna sem samþykkt var í Fræðsluráði 27. apríl 2022 og í bæjarstjórn þann 4. maí 2022. Einnig er óskað eftir upplýsingum um stöðu innleiðingar menntastefnunnar.

## 13. 2312020 - Óttarsstaðir, skipulag

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela bæjarstjóra að leita samninga við eigendur Óttarsstaða hið allra fyrsta. Bæjarstjóri geri bæjarráði grein fyrir framvindu málsins í október næstkomandi.

Greinargerð: Fyrir liggur mikilvægi þess til framtíðar að Hafnarfjarðarbær eignist lóðir og lundur á svokölluðu Óttarsstaðasvæði til frekari uppbyggingar íbúðar- og iðnaðar á svæðinu. Landið er í eigu allnokkurra aðila, sem hafa lýst yfir vilja sínum til viðræðna um uppkaupt bæjarins. Einhver samtöl millum aðila hafa átt sér stað. Mikilvægt er að ganga til þessara verka nú þegar með skipulegum og markvissum hætti. Til greina kemur að starfshópur verði skipaður í verkefnið, en fyrst í stað er bæjarstjóra og öðrum embættismönnum falið að vinna frumvinnuna og gera kjörnum fulltrúum grein fyrir afrakstrinum strax á haustdögum, eða í október næstkomandi.

## 14. 2005180 - Samgöngusáttmáli

4. 2005180 ? Samgöngusáttmáli

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins og uppfærslu hans.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs 22.08.2024.

Samfylkingin leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi uppfærður samgöngusáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðisins er mikilvægt tæki til að skipuleggja og ráðast í löngu tímabærar vegabætur fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Uppfærsla samningsins hefur tekið of langan tíma. Einnig hafa framkvæmdir frá upphaflegri undirritun samningsins frá 2019 gengið hægar en til stóð. Í þessum uppfærða samningi eru tímafrestir lengdir til ársins 2040. Það eru vonbrigði fyrir Hafnfirðinga að brýnar vegabætur á Reykjanesbraut frá hringtorgi við Lækjargötu að Kaplakrika og svo áfram að Engidal eru færðar aftur í tíma og munu eiginlegar framkvæmdir ekki hefjast fyrr en 2030 og ekki ljúka fyrr en árið 2033, eða síðar. Alveg er ljóst að grípa þarf til bráðabirgðalausna fyrir þann tíma, þannig að létt sé á þeirri umferðarstíflu sem þar er til staðar. Einnig er umhugsunarvert að ekki er litið til langtímalausna í samningnum er varðar Ofanbyggðaveg ofan Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Almenn er þó samningurinn til mikilla bóta fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, en mikilvægt er að honum verði fylgt.

Sjálfstæðisflokkur og Framsókn leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fagna því að loksins sé komin áætlun um framtíðaruppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sem setið hefur eftir alltof lengi. Hér fara tugþúsundir ökutækja um göturnar á degi hverjum og löngu ljóst að bregðast þarf við af alvöru til að tryggja greiðari samgöngur og auka öryggi. Ánægjulegt er að nú sjáum við Hafnfirðingar fram á að kraftur verður settur í að leysa helstu umferðarhnútana í bænum á Reykjanesbraut frá Lækjargötu að Kaplakrika/Álftanesvegi. Í uppfærslu samgöngusáttmálans hefur fjármagn til verkefnisins aukist umtalsvert. Strax á næsta ári verður fjármagn sett í hönnun og undirbúning þessa mikilvæga

verkefni og framkvæmdir hefjast árið 2028.

## Fundargerðir

### 15. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.ágúst sl.

a. Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 26.júní sl.

b. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 4. og 18.júní og 1.júlí sl.

c. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21.júní sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.ágúst sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 22.ágúst sl.

a. Fundargerð Stefnuráðs byggðasamlaganna frá 14.ágúst sl.

b. Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 26.júní sl.

c. Fundargerðir 47. og 48. eigendafundar Strætó bs. frá 20.mars og 1.júlí sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 19.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 21.ágúst sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 4.júní sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 20.ágúst sl.

Fundargerð forsetanevndar frá 26.ágúst sl.

26.08.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri